

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi, með síðari breytingum, skal vera kr. 16.302.

Allur kostnaður vegna föngunar hunds, sem tekinn er laus, svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hluteigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 435/2015 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum, 4. apríl 2016,

Magnús Hinrik Guðjónsson,
frankvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.